

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0040
LA

Efni: Matsskyldufyrirspurn um nýja dælustöð Hellisheiðarvirkjunar og niðurrennsislagnir að borholum við Gígahnúk og Lakahnúk

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, frá 17. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn Orku náttúrunnar vegna áforma um byggingu dælustöðvar sunnan Hellisheiðarvirkjunar og lagningu niðurrennslislagna í Hveradölum að niðurrennslistsvæði við Gígahnúk og að Lakahnúka.

Framkvæmdin felur í sér byggingu á 100 m² dælustöð á 2000 m² plani og er staðsetning hennar í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus 2020-2036. Dælustöðin og lagnaleiðir eru að mestu leyti innan skilgreinds iðnarsvæðis eða á óbyggðum svæðum aðalskipulags og liggur um verslunar- og þjónustusvæði við Hveradali. Ekki er gert ráð fyrir nýjum niðurrennslisholum heldur eru borholur við Gígahnúk og Lakahnúka nýttar til niðurdælingar á affallsvatni. Hvort svæði fyrir sig getur tekið við 150 l/sek af affallsvatni, eða samtals um 300 l/sek. Lagnaleið nýrrar niðurrennslislagnar mun liggja milli nýrrar dælustöðvar og niðurrennslishola HE-55 og HN-18 við Lakahnúka, en á þessari leið er nú þegar bráðabirgðalögn. Reiknað er með að bráðabirgðalögnin verði nýtt áfram þar sem lagnaleiðin þverar Hringveg og mun því verða tengd við nýjar lagnir sitt hvoru megin. Einnig verður lögð ný niðurrennslislögn að holum HE-10 og HE-35 við Gígahnúk, en þar er nú vegslóði og verður ný lögn lögð meðfram honum eða eftir því sem kostur er í vegkantinum. Grafinn verður skurður með botnbreidd u.þ.b. 1 m og dýpt 1,5 m, rask á yfirborði vegna graftar verður því um 3 m. Heildarlengd nýrra lagna er um 5 km og heildarflatarmál raskaðs svæðis vegna lagna er áætlað 1,5 ha. Gert er ráð fyrir að röskuð ótilgreind svæði í nágrenni lagnaleiðarinnar verði nýtt fyrir tímabundna geymslu lagnaefnis og jarðefna. Heildar efnispörf liggur ekki fyrir, en fyllingarefni vegna framkvæmda er áætluð um 12.000 m³ sem sótt verða úr opnum viðurkenndum námum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdasvæðið skarast ekki við svæði á náttúruminjasrá, en hraun og gígar frá nútíma og jarðhiti á yfirborði njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Af loftmyndum má greina að framkvæmdasvæðið er í dag allmikið raskað og hafa hraun og gígaradír innan þess orðið fyrir raski sem verður ekki bætt. Þrátt fyrir það er mikilvægt að vandað sé til verka við lagningu niðurrennslislagna og að ekki sé raskað meira af náttúrulegu yfirborði framkvæmdasvæðisins en þörf er á. Fram kemur að lagnaleið mun að meginatriðum fylgja núverandi slóðum en ekki kemur skýrt fram hvar á lagnaleiðinni gera megi ráð fyrir að lögnin fylgi ekki slóðum eða áður röskuðu svæði.




Ekki er séð að lögnin verði niðurgráfin nema þar sem lögnin fer undir Hringveg og á um 200 m kafla við Hveradali sem tengist því að verja þarf lögnina fyrir jarðhita á yfirborði sem hefur farið vaxandi á síðustu árum.

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að viðmið greinargerðar sé að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslag sbr. lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og vonar að þeim viðmiðum verði fylgt eftir við framkvæmdina.

Náttúrufræðistofnun telur framkvæmdina ekki þess eðlis að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

